

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um vexti og verðtryggingu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra á þeirri skoðun að rétt sé að afnema verðtryggingu á lánaskuldbindingum?
2. Er ráðherra sammála því mati talsmanns neytenda að það standist ekki að löggjafarvaldið framselji til Seðlabanka Íslands heimild til að ákveða vanefndaálag vegna dráttarvaxta á bilinu 7–15%, sbr. umsögn talsmanns neytenda til efnahags- og viðskiptanefndar frá 2. mars 2006 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 (58. mál 132. löggjafarþings)?
3. Er ráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir breytingu á ákvæði laga um vexti og verðtryggingu sem felur í sér heimild til Seðlabankans til að ákveða vanefndaálag á bilinu 7–15% þannig að það verði lækkað verulega og fastbundin ákvæðin prósentu í lögum líkt og er t.d. í Danmörku og Svíþjóð?